

## *Jólasöngvar Selkórsins*



### *Samsöngur í Seltjarnarneskirkju*



## 1. Hin fyrstu jól

Kristján frá Djúpalæk / Ingibjörg Þorber

Það dimmir og hljóðnar í Davíðsbor  
í dvala sig strætin þagga  
í bæn hlýtur svölun brotleg sál  
frá brunni himneskra dagga  
öll jörðin er sveipuð jólasnjó  
og jatan er ungbarnsvagga.

Og stjarna skín gegn um skýjahjúp  
með skærum lýsandi bjarma  
og inn í fjárhúsið birtan berst  
og barnið réttir út arma  
en móðirin sælasti svanni heims  
hún sefur með bros um hvarma

Og hjarðmaður birtist, um húsið allt  
ber höfga reykelsisangan  
í huga flytur hann himni þökk  
og hjalar við reifastrangann  
svo gerir hann krossmark, krýpur fram  
og kyssir barnið á vangann.

## 2. Þá nýfæddur Jesús

Björgvin Jörgensson / W. J. Kirkpatrick

Þá nýfæddur Jesús í jötunni lá  
á jólunum fyrstu, var dýrlegt að sjá.  
Þá sveimuðu englar frá himninum hans,  
því hann var nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu "hallelúja" með hátíðarbrag:  
"Nú hlotnast guðsbörnunum friður í dag."  
Og fagnandi hirðarnir fengu að sjá  
hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

Ég bið þig, ó, Drottinn, að dvelja mér hjá,  
að dýrðina þína ég fái að sjá.  
Ó, blessa þú, Jesús, öll börnin þín hér,  
að búa þau fái á himnum hjá þér.

## 3. Jólafriður

Ingólfur Jónsson / Felix Mendelssohn Bartholdy

Friður, friður frelsarans,  
finni leið til sérhvers manns.  
Yfir höf og yfir lönd  
almáttug nær drottins hönd.  
Hans er lífið, hans er sól,  
hann á okkar björtu jól.  
:/: Börn við erum börnin smá,  
börn, sem Drottinn vakir hjá. :/:

Friður, friður fögur jól,  
frelsarinn er vörn og skjól.  
Verum örugg, verum trú,  
verum glöð á jólum nú.  
Veitum öðrum von og yl  
vernum allt sem finnur til.  
:/: Börn við erum börnin smá,  
börn, sem Drottinn vakir hjá. :/:

Friður sé um fold og haf  
friðarboðskap Jesús gaf.  
Fátækur hann fæddur var,  
faðir ljóssins þó hann var.  
Ljóssins faðir, ljós þín skær  
lýsi öllum nær og fjær.  
:/: Börn við erum börnin smá,  
börn, sem Drottinn vakir hjá. :/:

## 4. Frá ljósanna hásal

Jens Hermannsson / J.F. Wade

Frá ljósanna hásal, ljúfar stjórnur stara og  
stafa um næturhúmið geislakrans Fylkingar  
engla, létt um loftin fara  
og ljúfir söngvar hljóma  
um lífsins helgidóma  
um eilíft heilagt alveldi kærleikans

Ó heilaga stjarna, rjúf þú voðans veldi  
og varðaðu jarðarbarnsins myrkra stig  
Ljósanna faðir lát á helgu kveldi  
hvert fávíst hjarta finna  
til friðar barna þinna.  
Gef föllum heimí ráð til að nálgast þig.

## 5. Bráðum koma

Jóhannes úr Kötlum/W.B.Bradbur

Bráðum koma blessuð jólin  
börnin fara að hlakka til.  
Allir fá þá eitthvað fallett  
í það minnsta kerti' og spil.

Hvað það verður veit nú enginn,  
vandi er um slíkt að spá.  
En eitt er víst að alltaf verður  
ákaflega gaman þá.

Máske þú fáir menn úr tini,  
máske líka þetta kver.  
Við skulum bíða og sjá hvað setur  
seinna vitnast hvernig fer.

En ef þú skyldir eignast kverið,  
ætla þú að biðja þig  
að fletta hægt og fara alltaf  
fjarskalega vel með sig.

## 6. Jólin alls staðar

Jóhanna G. Erlingsson/Jón Sigurðsson úts. SPH

Jólin, jólin alls staðar  
með jólagleði og gjafirnar.  
Börnin stóreyg standa hjá  
og stara jólaljósin á.

Jólaklukka boðskap ber  
um bjarta framtíð handa þér  
og brátt á himni hækkar sól,  
við höldum heilög jól.

## 7. Það á að gefa börnum brauð

Jórunn Viðar

Það á að gefa börnum brauð  
að bíta í á jólunum,  
kertaljós og klæðin rauð,  
svo komist þau úr bólunum,.  
Væna flís af feitum sauð,  
sem fjalla gekk á hólunum.  
Nú er hún gamla Grýla dauð,  
gafst hún upp á rólunum.

## 8. Nóttin var sú ágæt ein

Séra Einar Sigurðsson/Sigvaldi Kaldalóns

Nóttin var sú ágæt ein,  
í allri veröld ljósið skein,  
það er nú heimsins þrautarmein  
að þekkja' hann ei sem bæri  
Með vísnasöng ég vögguna þína hræri

Í Betlehem var það barnið fætt,  
sem best hefur andar sárin grætt,  
svo hafa englar um það rætt  
sem endurlausnarinn væri.  
Með vísnasöng ég vögguna þína hræri

Lofið og dýrð á himnum hátt  
honum með englum syngjum brátt,  
friður á jörðu og fengin sátt,  
fagni því menn sem bæri.  
Með vísnasöng ég vögguna þína hræri

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,  
þeir fundu bæði Guð og mann,  
í lágan stall var lagður hann,  
þó lausnari heimsins væri.  
Með vísnasöng ég vögguna þína hræri

## 9. Bjart er yfir Betlehem

Ingólfur Jónsson/Enskt lag

Bjart er yfir Betlehem blikar jólastjarna.  
Stjarnan mín og stjarnan þín, stjarna allra barna.  
Var hún áður vitringum vegaljósið skæra.  
Barn í jötu borið var, barnið ljúfa kæra.

Víða höfðu vitringar vegi kannað hljóðir  
fundið sínum ferðum á fjöldamargar þjóðir.  
Barst þeim allt frá Betlehem birtan undur skæra.  
Barn í jötu borið var, barnið ljúfa kæra.

Barni gjafir báru þeir. Blítt þá englar sungu.  
Lausnaranum lýstu þeir, lofgjörð drottnei sungu.  
Bjart er yfir Betlehem blikar jólastjarna,  
Stjarnan mín og stjarnan þín stjarna allra barna.

## 10. Þrettán dagar jóla

Hinrik Bjarnason

Á jóladaginn fyrsta  
hann Jónas færði mér  
einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn annan  
hann Jónas færði mér  
tvær dúfur til  
og einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn þriðja  
hann Jónas færði mér  
þrjú spök hænsn ...

Á jóladaginn fjórða  
hann Jónas færði mér  
fjögur nautin feit ...

Á jóladaginn fimmta  
hann Jónas færði mér  
fimmfaldan hring ...

Á jóladaginn sjötta  
hann Jónas færði mér  
sex þýða presti ...

Á jóladaginn sjöunda  
hann Jónas færði mér  
sjö hvíta svani ...

Á jóladaginn áttunda  
hann Jónas færði mér  
átta kýr með klöfum ...

Á jóladaginn níunda  
hann Jónas færði mér  
nínu skip í naustum ...

Á jóladaginn tíunda  
hann Jónas færði mér  
tíu hús á torgi ...

Á jóladaginn ellefta  
hann Jónas færði mér  
ellefu hallir álfa ...

Á jóladaginn tólfta  
hann Jónas færði mér  
tólf lindir tærar ...

Á jóladaginn þrettánda  
hann Jónas færði mér  
þrettán hesta þæga ...

## 11. Jólin koma

Speilman Torre/Ómar Ragnarsson

Er nálgast jólin lifnar yfir öllum  
það er svo margt sem þarf að gera þá  
og jólasveinar fara uppá fjöllum  
að ferðbúast og koma sér á stjá.

Jólin koma, jólin koma  
og þeir kafa snjó á fullri fart.  
Jólin koma, jólin koma  
allir búast í sitt besta skart.

Hún mamma' er heima' að skúra banka' og bóna  
og bakar sand af fínu tertunum  
og niðri' í bæ er glás af fólki' að góna  
á gjafirnar í búðagluggunum.

Jólin koma, jólin koma  
allir krakkar fá þá fallett dót.  
Jólin koma, jólin koma  
þá er kátt og alls kyns mannamót.

Hann er svo blankur auminginn hann pabbi  
að ekki gat hann gefið mömmu kjól  
svo andvarpar hann úti' á búðalabbi  
það er svo dýrt að halda þessi jól.

Jólin koma, jólin koma  
allt í flækju' og menn í feikna ös.  
Jólin koma, jólin koma  
fólk og bílar allt í einni kös.

## 12. Hvít jól

Stefán Jónsson/Irving Berlin

Ég man þau jólin, mild og góð  
er mjallhvít jörð í ljóma stóð.  
Stöfum stjörnum bláum,  
frá himni háum  
í fjarska kirkjuklukknahljóm.  
Ég man þau jól, hinn milda frið  
á mínum jólakortum bið  
að æfinlega eignist þið  
heiða daga, helgan jólafrið.